



267. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 17. mars 2011 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Lárus Á. Hannesson, forseti bæjarstjórnar, LÁH
Berglind Axelsdóttir, BA
Davíð Sveinsson, DS
Egill Egilsson, EE
Gretar D. Pálsson, GDP
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, ÍHS
Guðlaug J. Ágústsdóttir, GJÁ
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri GS
Daði Heiðar Sigurþórsson, fundarritari

Sturla Böðvarsson mætti á og ávarpaði fundinn. Sjá lið 54 í fundargerð bæjarstjórnar.

Sturla Böðvarsson vísar af fundi.

Forseti bæjarstjórnar, Lárus Á. Hannesson setti fund og stýrði.

1. Fundargerðir bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 472, dags. 10.03.2011.

Liður 1 fundargerð skólanefndar, dags. 09.02.2011 (111. fundur) og uppfærðar innritunarreglur fyrir leikskólann. Fundargerð framlögð. **Bæjarráð samþykkir tillögu leikskólastjóra um sumarlokun.**

Til máls tóku: BA, GDP, GS
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerðin samþykkt.

Liður 3 fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 14.02.2011 (136. fundur) Fundargerð framlögð.

Liður 1 Bóklöðustígur 7, niðurrif og nýbygging á lóð.

Sigurjón Jónsson sækir um f.h. Katrínar Sigurjónsdóttur leyfi til að rífa húsið við Bóklöðustíg 7 og byggja nýtt íbúðahús á lóðinni, sbr. teikningar dags. 28.01.2011.

Nefndin samþykkir að grenndarkynna erindið samkvæmt 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir Bóklöðustíg nr. 5, 8, 9, 10 og fyrir Skólastíg 14 og Silfurgötu nr. 15 efstu hæð þegar að fyrir liggja fullunnar teikningar.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.



Til máls tóku:GS

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 2 Tangagata 5, stækkun á lóð, breyting á aðkomu og fjölgun bílastæða.

Gústaf G. Ómarsson og Jóhanna Esjarsdóttir sækja um að stækka lóð Tangagötu 5 niður að Ægisgötu, ennfremur að aðkoma að húsi og bílastæði fyrir eigendum húsa við Ægisgötu nr. 5,6,7,8,9,10,11 og nr. 13. Athugasemdir bárust frá öllum húseigendum ofangreindra húsa samtals 16 undirskriftir, dags. 12.01.2011 og 26.01.2011.

Nefndin samþykkir stækkun á lóð sem nemur 4 m breiðri aðkomu frá Ægisgötu og ennfremur lóðarstækkun að fyrirhuguðum gestabílastæðum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Til máls tóku:GDP, LÁH,

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 3 Stykkishólsmshöfn, framkvæmdaleyfi fyrir flotbryggju.

Hrannar Pétursson sækir um f.h. Stykkishólsmshafnar leyfi til setja flotbryggju og landstólpa í Stykkishólsmshöfn, sbr. bréf dags. 11.02.2011 og teikningu frá Siglingastofnun dags. jan. 2011.

Erindi samþykkt. Gjöld samtals:

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Til máls tóku:GS

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerðin samþykkt.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

Liður 28 bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 24.02.2011 varðandi XXV. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga (25. mars 2011). **Framlagt. Fulltrúar eru Lárus Á. Hannesson og Gretar D. Pálsson**

GDP greinir frá að GJÁ taki sæti sitt á landsþinginu.

Til máls tóku: GDP,

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 29 tölvupóstur Græns apríls, dags. 24.02.2011 varðandi Grænan apríl 2011. **Bæjarráð samþykkir að taka þátt í verkefninu.**

Til máls tóku:GS, LÁH

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 30 tölvupóstur Sýslumanns Snæfellinga, dags. 24.02.2011 varðandi umsögn um veitingaleyfi Aðalgötu 3, Narfeyrarstofa. **Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við umsóknina að uppfylltum skilyrðum.**



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 31 tölvupóstur Sýslumanns Snæfellinga, dags. 21.02.2011 varðandi umsögn um veitingaleyfi að Borgarbraut 1, Gagnleysa ehf. **Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við umsóknina að uppfylltum skilyrðum.**

EE situr hjá vegna tengsla

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 32 tölvupóstur knattspyrnudeildar Snæfells, dags. 03.03.2011 varðandi Íslandsmeistaratitil yngri flokka. **Samþykkt að styrkja knattspyrnudeild Snæfells um kr. 33.500. Bæjarstjórn óskar 2. fl. til hamingju með Íslandsmeistaratitilinn í Futsal.**

Til máls tóku:LÁH

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 33 samkomulag um kjarasamningsumboð. **Samþykkt að veita stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fullnaðarumboð til kjarasamningsgerðar fyrir hönd Stykkishólmsbæjar við tilgreind stéttarfélög.**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 36 tölvupóstur Siglingadeildar Snæfells, dags. 20.02.2011 varðandi styrk til siglingadeildarinnar. **Samþykkt að veita siglingadeild Snæfells styrk sem nemur greiðslu árgjalds v/geymslusvæðis við Snoppu.**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 37 bréf Sorpurðunar Vesturlands, ódags., varðandi fundarboð á aðalfund (11. mars 2011 á Hótel Hamri) og ársreikningur 2010 og grænt bókhald 2010. **Bæjarstjóri mætir á aðalfund fyrir Stykkishólmsbæ. Samþykkt að tilnefna Gyðu Steinsdóttur í stjórn Sorpurðunar Vesturlands.**

Til máls tóku: GS, GDP

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 38 bréf Alta, dags. 11.02.2011 varðandi tillögu að sameiginlegri umsókn í Vaxtarsamning Vesturlands um forverkefni um svæðisgarð á Snæfellsnesi. **Bæjarráð samþykkir umsókn um forverkefni um svæðisgarð á Snæfellsnesi.**

Til máls tóku: LÁH

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 39 ályktun skólanefndar, dags. 09.02.2011 varðandi sumarlokun leikskóla Stykkishólmsbæjar. **Samþykkt að fela leikskólustjóra að kanna þörf fyrir gæsluvöll sumarið 2011**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 40 bréf SAMAN-hópsins, dags. 20.01.2011 varðandi fjárstuðning við forvarnastarf á árinu 2011. **Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við erindinu.**



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 41 tölvupóstur Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 14.01.2011 varðandi áhrif nýrra mannvirkjalaga á umboð byggingarnefnda. **Samþykkt að áfram verði byggingarnefnd í Stykkishólmi og bæjarstjóra falið að undirbúa drög að samþykktum þess efnis.**

Til máls tóku: GDP, LÁH

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 42 bréf Bandalags Íslenskra skáta, dags. 11.02.2011 varðandi styrk til að halda Góðverkadagana 2011. **Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við erindinu.**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 43 bréf SSV, dags. 17.02.2011 varðandi endurnýjun menningarsamnings og fundargerð Menningarráðs Vesturlands (50. fundur). **Menningarsamningur samþykktur.**

Til máls tóku: LÁH, GDP,

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 44 bréf Kristjáns V. Auðunssonar, dags. 10.02.2011 varðandi styrk vegna vélsleðasafns. **Samþykkt að veita styrk sem nemur fasteignagjöldum Reitavegi 10. Bæjarstjóra falið að finna tíma til heimsóknar á Vélsleðasafnið.**

Til máls tóku: GDP, GS, DS, LÁH,

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 45 bréf umhverfissráðuneytis, dags. 17.01.2011 Efni: Ósk um umsögn um skýrslu um verndun Breiðafjarðar. **Sameiginlegt bréf sveitarfélaga við Breiðafjörð lagt fram og samþykkt.**

Til máls tóku: GS, LÁH,

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 46 bréf Útgerðarfélagssins Engeyjar ehf. dags. 24.01.2011 vegna lóðarumsóknar. **Skv. bréfi forsvarsmanns Engeyjar 24.1.2011 lítur bæjarstjórn svo á að lóðarumsókn sé dregin til baka. Ennfremur ítrekar bæjarstjórn boð sitt og vilja til að finna lausn á lóðamálum sem hentar málsaðilum.**

GJÁ situr hjá vegna tengsla.

Til máls tóku: GDP, ÍHS, LÁH, GS

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 47 tölvupóstur Sýslumanns Snæfellinga dags. 7.3.2011 varðandi umsögn um rekstrarleyfi v/Sjónarhóls. **Bæjarráð gerir ekki athugasemd við umsóknina að uppfylltum skilyrðum.**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.



Liður 48 drög að samning um rekstur Eldfjallasafns árið 2011. **Samningur samþykktur.**

Til máls tóku: BA, GDP, LÁH,
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 49 bréf Garðyrkjufélags Snæfellinga, dags. 08.03.2011 varðandi Hólmgarð. **Bæjarráð þakkar fyrir bréfið og bæjarstjóra falið að ræða við bréfitara.**

Til máls tóku:LÁH, ÍHS, GDP, BA,
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 50 tölvupóstur Hvítasunnukirkjunnar í Stykkishólmi dags. 8.3.2011 varðandi sumarhátíð 2011 í Stykkishólmi. **Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og felur bæjarstjóra að ræða við bréfitara.**

Til máls tóku:ÍHS, LÁH, GS, GDP,
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 51 tölvupóstur Hvítasunnukirkjunnar í Stykkishólmi dags. 8.3.2011 varðandi styrk vegna fasteignagjalda 2011. **Samþykkt að veita Hvítasunnukirkjunni í Stykkishólmi styrk sem nemur fasteignagjöldum vegna samkomusalar Skúlagötu 6 fyrir árið 2011.**

Til máls tóku:LÁH
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 52 samningur við Golfklúbbinn Mostra um upplýsingamiðstöð sumarið 2011. **Samningur samþykktur.**

ÍHS situr hjá vegna tengsla.
Til máls tóku: DS, GS, GDP,
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Reglur og samþykktir

Liður 53 fundaraðstaða í Ráðhúsinu.
Bæjarstjóra falið að gera tillögu að reglum um notkun fundarsala Ráðhússins.

Til máls tóku:LÁH, GDP,
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Önnur mál

Liður 54 erindi frá Sturlu Böðvarssyni. **Samþykkt að bjóða Sturlu á fund bæjarstjórnar 17.03.2011.**

Sturla Böðvarsson mætti á og ávarpaði fundinn. Sturla fór yfir ráðstefnu sem Sjálfstæðisfélagið Skjöldur stóð fyrir um atvinnumál og nýsköpun í tilefni 80. ára afmæli félagsins. Sturla afhenti bæjarstjórn gögn afmælisnefndarinnar frá ráðstefnunni.

Bókun.



Bæjarstjórn þakkar Sturla Böðvarssyni heimsóknina og gögnin frá afmælisnefnd Sjálfstæðisfélagsins Skjaldar frá fundi félagsins sem haldinn var 5. mars sl. varðandi atvinnumál og nýsköpun.

Bæjarstjórn þakkar Sjálfstæðisfélaginu Skildi fyrir gott framtak, ráðstefnan mun nýtast Stykkishólmsbæ og nágrenni í nútíð og framtíð.

Bókun er samþykkt samhljóða

Tillaga frá GDP að framlagðar hugmyndir Sturla Böðvarssonar í 6 liðum verði teknar til umfjöllunar á næsta bæjarráðsfundi.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: GDP, LÁH, GS, ÍHS

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð bæjarráðs samþykkt

2. Fundargerðir nefnda.

2.1. Fundargerð skólanefndar, dags. 09.02.2011.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

2.2. Fundargerð þjónustuhóps aldraðra, dags. 10.02.2011.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.3. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 14.02.2011.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

2.4. Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms, dags. 08.02.2011.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.5. Fundargerð umhverfisnefndar, dags. 09.02.2011.

Til máls tóku: GDP, GS

Bæjarstjóri upplýsti um lokað útboð í gámasvæði við Snoppu.

Bjóðendur voru Palli Sig ehf. 1.696.000 kr., B.B&synir ehf. 1.392.000 kr. Tilboði BB & sona var tekið.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.6. Fundargerð nefndar um málefni fatlaðra, dags. 03.03.2011.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.7. Fundargerð stjórnar dvalarheimilis aldraðra, dags. 09.02.2011 og 01.03.2011.

Fundargerðir framlagðar og samþykktar.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:35

Daði Heiðar Sigurþórsson